



## **Fundargerð**

368. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
mánudaginn 30. júní 2014 kl. 18.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP), Karl Kristjánsson (KK), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) í forföllum Söndru Rúnar Björnsdóttur (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Oddviti leitaði afbrigða að taka inn tvö mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt samhljóða. Þá var gengið til dagskrár.

## **Dagskrá:**

### **Fundargerðir**

#### **1. 367. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### **2. Mennta- og menningarmálanefnd 19. júní 2013.**

*Farið yfir fundargerð.*

##### **a. 1406010 – Ráðning skólastjóra Reykhólaskóla.**

JÖE vék af fundi undir þessum lið.

*Sveitarstjórn samþykkir ráðningu Ástu Sjafnar Kristjánsdóttur í stöðu skólastjóra Reykhólaskóla, sveitarstjórn samþykkir jafnframt bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

*JÖE kom aftur inn á fundinn.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

### **Mál til afgreiðslu**

#### **1. 1406015 – Endurskoðun á samþykkt um stjórn Reykhólahrepps.**

Erindi frá sveitarstjóra dagsett 27. júní 2014.

*Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps lögð fram til fyrri umræðu. Breyting er gerð á fundartíma lögboðinna funda, tillaga er um að fundir hefjist kl. 17.00 í stað 15.30. Samþykktinni er vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.*

2. **1406016 – Endurskoðun á siðareglum fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykhólahreppi.**  
Erindi frá sveitarstjóra dagsett 27. júní 2014.

*Samþykkt um siðareglur lögð fram til fyrri umræðu í óbreyttri mynd. Samþykktinni vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.*

3. **1406017 – Sumarleyfi nefnda og sveitarstjóra og sumarlokun skrifstofu.**  
Tillaga og erindi frá sveitarstjóra dagsett 27. júní 2014.

*Sveitarstjóri gerir tillögu að sumarfríi allra nefnda og stjórna í júlí, tillagan samþykkt samhljóða.*

*Þá óskaði sveitarstjóri eftir samþykki sveitarstjórnar á sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins frá 28. júlí til 8. ágúst 2014 og sumarleyfi sveitarstjóra 14. júlí til 8. ágúst 2014. Sveitarstjórn samþykkir sumarlokun og sumarleyfi sveitarstjóra samhljóða.*

4. **1406018 – Starfsuppsögn hjúkrunarforstjóra Hjúkrunarheimilisins Barmahlíðar.**  
Uppsagnarbréf frá hjúkrunarforstjóra dagsett 26. júní 2014.

*Lagt fram uppsagnarbréf hjúkrunarforstjóra, uppsögn tekur gildi frá og með 1. júlí 2014. Þuríði Stefánsdóttir eru þökkuð störf við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð þau ár sem hún hefur starfað við heimilið, með ósk um velfarnað á nýjum vettvangi.*

*Í framhaldinu var sveitarstjóra falið að leita tilboða hjá Capacent vegna auglýsingar á starfi hjúkrunarforstjóra og ráðgjöf við ráðningu í starf hjúkrunarforstjóra. Samþykkt samhljóða.*

### **Mál til kynningar**

5. **Tilkynning um aðalfund Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. 26. júní 2014 og ársreikningur félagsins 2013.**

Tilkynning og erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 25. júní 2014, ársreikningur verður lagður fram á fundinum.

Kynnt.

### **Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

6. **1406018 – Skipun fulltrúa í framkvæmdaráð vegna umhverfisvottunar á starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum.**

*Sveitarstjórn skipar Söndru Rún Björnsdóttur í framkvæmdaráð vegna umhverfisvottunar. Samþykkt samhljóða.*

7. **1406019 – Umsókn í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna framkvæmda í Barmahlíð.**

Lagðar eru fram umsóknir um styrki til framkvæmda í Framkvæmdasjóð aldraðra, um er að ræða tvær umsóknir um tvö mjög aðkallandi og brýn verkefni.

1. Endurnýjun á sjúkrakallkerfi í Barmahlíð. Verkefnið hljóðar upp á 7,7 millj. kr. í heildina, gert er ráð fyrir 2,5 millj. í áætlun sveitarfélagsins, 3,1 millj. í styrk frá Framkvæmdasjóði aldraðra.

Sveitarstjórn samþykkir að verði af verkefninu muni hún veita aukafjárveitingu í verkefnið að upphæð 2,1 millj.kr. Samþykkt samhljóða.

2. Lagfæring á baðaðstöðu í Barmahlíð. Verkefnið hljóðar upp á 3 millj. kr. í heildina, gert er ráð fyrir 1 millj. í áætlun sveitarfélagsins, 1,2 millj. kr. í styrk frá Framkvæmdasjóði aldraðra.

Sveitarstjórn samþykkir að verði af verkefninu muni hún veita aukafjárveitingu í verkefnið að upphæð 800 þús. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____